



Tungumálakvíði nemenda í ensku

Karen Ósk Guðlaugsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Tungumálakvíði nemenda í ensku

Karen Ósk Guðlaugsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed-próf í grunnskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Samúel Currey Lefever

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Janúar 2018

Tungumálakvíði nemenda í ensku

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs
í grunnskólakennarafræði við kennaradeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Karen Ósk Guðlaugsdóttir 2018

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi
höfundar.

Ágrip

Meginmarkmið þessarar ritgerðar var að kanna hver ástæðan fyrir því væri að nemendur forðist í flestum tilfellum verkefni tengd tjáningu og samskiptum í enskukennslu. Skoðaðar voru erlendar rannsóknir sem gerðar hafa verið um samspil tungumálakvíða annars vegar og áhugahvatninga kennara hins vegar og komist að því hvort eitthvað samband væri að finna þar á milli. Enn fremur var enskunotkun í grunnskólum hérlendis skoðuð og greint frá helstu kennsluháttum sem kennslufræðingar leggja fram sem hugmyndir fyrir enskukennara. Gerð var lítil rannsókn af höfundi sem átti einungis að varpa ljósi á líðan nemenda í 10.bekk í einum grunnskóla á landinu, nánar tiltekið líðan nemenda í munnlegum verkefnum í enskutímum. Vert er að taka fram að ekki er hægt að styðjast við niðurstöður rannsóknarinnar þar sem fjöldi þátttakanda er ekki marktækur yfir heildina. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu hins vegar í ljós að meirihluti þeirra nemenda sem tóku þátt hafa ekki gaman af munnlegum verkefnum í enskutímum og ástæðurnar fyrir því voru á borð við *ég er ekki góð/góður í ensku, mér finnst óþægilegt að tala fyrir framan bekkinn á erlendu tungumáli og ég er hrædd/ur um að allir hlæji að mér*. Það sem kom mest á óvart í niðurstöðunum var það að meirihluti þeirra nemenda sem vildu helst ekki tjá sig á ensku í kennslustundum þótti lítið mál að tjá sig á tungumálinu utan skólans.

Efnisyfirlit

Myndaskrá	5
1 Inngangur	6
2 Fræðikafli	7
2.1 Aðalnámskrá grunnskóla.....	7
2.2 Enskunotkun í kennslu	8
2.3 Kennsluaðferðir í tjáningu og samskiptum á ensku.....	10
2.4 Sjálfstraust nemenda	11
2.5 Áhugahvatning.....	14
3 Rannsóknin	16
3.1 Markmið rannsóknar	16
3.2 Aðferð	17
3.3 Val á þátttakendum	17
3.4 Öflun og greining gagna	17
4 Niðurstöður og umræður.....	18
5 Lokaorð og umræður	25
6 Heimildaskrá	27
7 Viðaukar.....	29
7.1 Bréf til skóla.....	29
7.1 Spurningalisti.....	31

Myndaskrá

- Mynd 1.** Finnst þér óþægilegt að tala fyrir framan bekkinn þinn í íslenskutímum?
- Mynd 2.** Hvernig finnst þér enskukennslan í þínum skóla?
- Mynd 3.** Er mikið um munnleg verkefni í enskutímum?
- Mynd 4.** Hefur þú gaman af munnlegum verkefnum í enskutímum?
- Mynd 5.** Afhverju hefur þú gaman af munnlegum verkefnum í enskutímum?
- Mynd 6.** Finnst þér óþægilegt að tala ensku fyrir utan skólann? (þeir sem hafa gaman af munnlegum verkefnum)
- Mynd 7.** Finnst þér óþægilegt að tala ensku fyrir utan skólann? (þeir sem hafa ekki gaman af munnlegum verkefnum)
- Mynd 8.** Talar þú einhverntímann ensku í skólanum þegar þú ert ekki í enskutíma?

1 Inngangur

Í gegnum kennaranámið hef ég farið í fjölmörg vettvangsnám ásamt því að starfa sem leiðbeinandi í grunnskóla samhliða náminu. Ég hef fengið að eyða hluta af þessum vettvangsnámum sem kennaranemi í enskukennslu á unglingsstigi bæði hérlandis og í Danmörku þar sem ég stundaði skiptinám í eina önn. Í öll þau skipti sem ég hef fengið að kenna ensku á vettvangi hvort sem það var hér á Íslandi eða í Danmörku, hafa enskukennarar skólanna talið mig bjartsýna að ætla leggja fyrir mörg verkefni sem snúa að tjáningu nemenda á ensku. Í þeim samskiptum sem ég átti við enskukennarana heyrði ég dæm og uppgjafartón þegar ég spurðist fyrir um afhverju nemendur vilja ekki tjá sig á tungumálinu. Í skiptinámi mínu í Danmörku var ég send ein út á land í tvær vikur og tók vettvangsnámið mitt í einkaskóla sem heitir Rydhave Slots Efterskole en hann er einungis ætlaður nemendum í 8-10. bekk. Þar upplifði ég mest krefjandi og erfiðasta vettvangsnám sem ég hef tekið þátt í þar sem ég gat einungis rætt við nemendur á ensku en þeir neituðu flestir að ræða við mig á ensku. Ég get talið á annarri hendi þá nemendur sem ég átti samræður við á ensku þessar tvær vikur, nemendur sem að öllum líkindum upplifðu ekki kvíða þegar kom að því að tjá sig á ensku. Það má því segja að áhugi minn á sjálfstrausti nemenda í enskukennslu hafi kviknað um leið og ég kenndi minn fyrsta enskutíma sem kennaranemi.

Í þessari ritgerð verður fjallað um niðurstöður könnunar sem höfundur lagði fyrir nemendur 10. bekkjar í einum grunnskóla á landinu þar sem reynt var að leiða í ljós líðan nemenda gagnvart munnlegum verkefnum í enskutímum. Einnig verður komið inn á kenningar og hugmyndir fræðimanna um hvað það er sem veldur því að einstaka nemendur vilja ekki taka þátt í munnlegum æfingum í enskutímum og hvort hægt sé að efla áhuga þeirra nemenda í að æfa sig að tala á ensku í kennslustundum. Farið verður yfir þær áherslur sem aðalnámskrá grunnskóla setur fram hvað varðar færni nemenda í tjáningu á erlendu tungumáli.

Í gegnum ritgerðina mun höfundur einnig leitast við að svara eftirfarandi spurningu:

- Hvað er það sem veldur tungumálakvíða nemenda í enskukennslu?

Með tungumálakvíða er átt við þær tilfinningar sem nemandi getur upplifað þegar unnið er með munnlegar æfingar í enskutímum. Tilfinningar á borð við óróleika, áhyggjur og stress sem nemendur eiga oft á tíðum erfitt með að takast á við.

2 Fræðikafli

2.1 Aðalnámskrá grunnskóla

Tungumál eru undirstaða þess að einstaklingar geti orðað hugsanir sínar, aflað sér þekkingar og átt í samskiptum við annað fólk. Kunnátta í tungumálum er mikilvæg að því leitinu til að hún eflir þroska einstaklinga og eykur viðsýni (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Enska spilar stóran þátt þegar kemur að auknu samstarfi Íslendinga við önnur lönd og skiptir góð enskukunnátta miklu máli svo að Íslendingar geti komið sinni þekkingu og sjónarmiðum á framfæri hvar sem er í heiminum. Enska gegnir lykilhlutverki þegar kemur að menntun og því nauðsynlegt fyrir Íslendinga sem stefna á háskólanám hérlendis eða erlendis að hafa gott vald á enskri tungu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Í Aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmiðum erlendra tungumála skipt niður í eftirfarandi flokka: *hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarlausni og námshæfni*. Þau hæfniviðmiðin sem leggja áherslu á munnlegri færni eru *samskipti og frásögn*. Við lok grunnskóla á nemandi að geta beitt eftirfarandi færni í *samskiptum á ensku*: nemandi á að geta sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnuleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði ofl. Hann á að geta beitt ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan á ensku og til þess að skilja aðra (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Nemandi á að geta tekist á við margskonar aðstæður í almennum samskiptum ásamt því að geta tekið þátt í skoðanaskiptum og fært einföld rök fyrir máli sínu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Við lok grunnskóla á nemandi að geta beitt eftirfarandi færni í *frásögn*: nemandi getur tjáð sig áheyrilega á ensku um þau málefni sem hann þekkir og beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni þegar kemur að málfræðireglum. Nemandi getur tjáð sig skipulega hvort sem um ræðir undirbúið eða

óundirbúið efni, flutt frásögn á ensku án þess að notast við blað og samið stutt atriði eða sögu, einn eða með vinnufélaga (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Það liggur því í augum uppi að til þess að nemendur nái settum hæfniviðmiðum verða starfshættir kennara, viðfangsefni námsins, skipulag kennslu og aðstæður hverju sinni að hafa það markmið að ná fram sem bestum námsárangri nemenda.

2.2 Enskunotkun í kennslu

Markmið tungumálanáms er að nemendur læri að tjá sig á erlenda málinu og er hlutverk kennarans að efla færni nemenda svo þeir geti átt í samskiptum á tungumálinu (Brown, 2007). Í rannsókn sem Helga H. Sigurjónsdóttir gerði á kennsluháttum í enskukennslu í 10.bekk var leitast við að kanna hvort markmiðið með kennsluháttum í tungumálakennslu í grunnskólum í 10.bekk væri að þjálfa tjáskiptafærni nemenda (Helga H. Sigurjónsdóttir, 2006). Þátttakendur rannsóknarinnar voru 36 grunnskólakennarar sem kenndu ensku í 10.bekk og fengu þeir í hendurnar spurningalista sem innihélt 32 spurningar sem samanstóðu af eftirfarandi þáttum: spurningar um bakgrunn kennara, námsefni og helstu viðfangsefni, kennsluaðferðir, enskunotkun í kennslu og námsmat. Þegar þátttakendur voru spurðir hversu oft þeir notuðu ensku í kennslu kom í ljós að 85 % kennara merktu við svarmöguleikann *oftast* og *oft*. Einungis 3,7% kennara sögðust alltaf nota ensku. Í kjölfarið voru þátttakendur spurðir í hvaða tilfellum þeir noti íslensku í stað ensku, þar leiddu niðurstöður í ljós að flestir kennarar noti íslensku til þess að útskýra málfræði, til þess að útskýra orð og hugtök, til þess að tala við einstaka nemendur og útskýra verkefni eða viðfangsefni (Helga H. Sigurjónsdóttir, 2006). Samkvæmt þessum niðurstöðum eru ástæðurnar sem hafa áhrif á hversu oft kennarar nota móðurmálið sem samskiptamál í enskukennslu, ólíkar. Svo virðist sem kennarar noti íslenskuna bæði til kennslu og bekkjarstjórnunar.

Í rannsókn Helgu H. Sigurjónsdóttur voru þátttakendur einnig spurðir um tjáskiptafærni nemenda sinna í enskukennslu og hvað þeir töldu vera helstu fyrirstöðu

fyrir nemendur að tjá sig á ensku. Meirihluti kennara nefndu að nemendur sínir ættu sæmilega auðvelt með að tjá sig á ensku í kennslustundum á móti litlum hluta kennara sem vildi meina að nemendur sínir ættu í erfiðleikum með að tjá sig á ensku. Þess má geta að enginn þátttakandi merkti við að nemendur gætu alls ekki tjáð sig á tungumálinu. Í framhaldinu voru kennarar beðnir um að skrifa niður það sem þeir töldu að kæmi í veg fyrir að nemendur ættu auðvelt með að tjá sig á ensku í tímum. Þeir þættir sem kennarar nefndu voru feimni, hræðsla, óöryggi, jafningjaótti og að nemendur væru ekki vanir því frá upphafi að tjá sig á ensku í kennslustundum (Helga H. Sigurjónsdóttir, 2006). Þættirnir sem kennarar nefndu styðjast við skilgreiningu tungumálakvíða sem fjallað er um í ritgerðinni.

Eitt af lykilmarkmiðum tungumálakennslu er að auka samskiptahæfni nemenda í erlenda tungumálinu. Aðalnámskrá leggur áherslu á að kennarar noti ensku eins oft og mögulegt er í kennslustundum með það markmið að efla tjáningafærni nemenda í tungumálinu en þrátt fyrir það sýna rannsóknir sem gerðar hafa verið, að kennarar noti ensku ekki eins oft og aðalnámskrá leggur til (Lefever, 2009). Ástæðurnar fyrir því sem enskukennarar hafa sett fram eru nokkrar en aðal ástæðan virðist vera sú að þá skortir sjálftraust þegar kemur að því að beita færni sinni í tungumálinu fyrir framan nemendur. Þeir treysta sér ekki alltaf til þess að nota ensku við innlögn, útskýringar, þegar hrósa á nemendum og þegar þarf að beita aga í bekknum (Brown, 2007; Cameron, 2001). Enskukennarar óttast að setja nemendum slæmt fordæmi geri þeir mistök sjálfir (Lefever, 2009). Það sem enskukennarar átta sig eflaust ekki á er að um leið og þeir forðast að nota ensku í kennslustundum vegna ótta við að gera mistök eru þeir ósjálfrátt að senda nemendum óbein skilboð. Skilaboð sem valda því að þeir tjái einungis á ensku þegar þeir geta komist hjá því að gera mistök (Edge, 1989). Skilaboð kennara eiga að vera jákvæð og stuðla að því að nota eigi ensku eins oft og hægt er í kennslustundum og það að gera mistök sé eðlilegur hluti af námi.

Niðurstöður fleiri rannsókna hafa leitt í ljós að ekki er notast nógu oft við ensku í kennslustundum á unglingastigi auk þess er hún lítið sem ekkert notuð af nemendum sjálfum á meðan á kennslustund stendur. Hins vegar virðist sem enskukennarar á

miðstigi notist meira við enskt mál í kennslustundum og nemendur tjá sig þar af leiðandi líka oft á tungumálinu (Lefever, 2009).

2.3 Kennsluaðferðir í tjáningu og samskiptum á ensku

Þegar nemendur tjá sig á ensku í kennslustundum er algengast að það sé í formi samtala eða umræða sem kennari hefur skipulagt. Við skipulagningu kennslu í tjáningu og samskiptum er mikilvægt að enskukennarar leggji fyrir munnleg verkefni þar sem nemendur sýni bæði færni í persónulegum umræðum (e. interpersonal) og umræðum sem fela í sér upplýsingar (e. transactional) (Brown, 2007). Með *persónulegum umræðum* er átt við þá tegund verkefna þar sem nemendur geta haldið uppi samræðum sín á milli sem tengjast félagslegum og persónulegum málum. Slík umræðuverkefni geta reynst nemendum erfið þar sem þau leggja áherslu á að nemendur geti beitt færni í venjulegum samræðum á borð við fjölskyldu tungumál þ.e. hvernig fjölskyldumeðlimir ræða sín á milli heima fyrir, samræður tengdar tilfinningum, slangur meðal vina, kaldhæðni o.s.frv. *Umræðuverkefni sem fela í sér upplýsingaöflun* snúa hins vegar að því að nemendur sýni færni í að afla og veita upplýsingar sín á milli, upplýsingar sem tengjast námi eða almennri vitneskju (Brown, 2007). Þessar hugmyndir Brown um munnleg tungumálaverkefni styðjast við þær kröfur og sem Aðalnámskrá setur fram um samskipti og frásögn á ensku. Eins og fram hefur komið setur Aðalnámskrá þau skilyrði að nemendur eigi að öðlast hæfni við að halda uppi samræðum á ensku og geta beitt ólíkum aðferðum við að gera sig skiljanlega. Þar að auki eiga nemendur að geta haldið uppi samræðum án vandræða undirbúið eða óundirbúið (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Til eru margar gerðir munnlegra æfinga sem byggja bæði á persónulegum- og upplýsinga samskiptum. Hér fyrir neðan er greint frá nokkrum áhrifamiklum munnlegum æfingum sem fræðimenn hafa sett fram.

Víðtæk munnleg verkefni (e. Extensive) er hentugt að nota þegar nemendur hafa náð vissri færni í þeim umræðubáttum sem komu fram hér að ofan. Með víðtækari verkefnum er átt við munnlegar skýrslur, úrdrætti, kynningar og ræður. Þessi tegund verkefna flokkast undir formleg verkefni.

Munnleg samskiptabók (. Oral journal) er hugmynd sem Brown (2007) lagði til að kæmi í staðinn fyrir þau einstaklingsverkefni í ensku þar sem nemendur skrifa hugsanir og hugmyndir sínar niður ásamt hlutum tengda náminu s.s. hvað mætti betur fara og hvað þeir hafa lært. Slík skrifleg verkefni er auðveldlega hægt að yfirfæra í munnleg verkefni, þar sem nemendur taka upp skoðanir sínar eftir hverja kennslustund í staðinn fyrir að skrifa það niður. Þannig æfast nemendur í því að koma hugsunum sínum frá sér munnlega og ef til vill þora að taka meiri áhættur með tungumálið án þess að hafa áhyggjur af viðbrögðum samnemenda sinna (Brown, 2007). Þrátt fyrir að verkefni þar sem lögð er áhersla á að nemendur skapi sínar eigin umræður og viðtöl, séu mikilvæg hvað varðar sköpunarhæfni og sjálfstæði nemanda, getur verið hentugt að grípa í munnleg verkefni sem finna má í vinnubókum nemenda. *Vinnubókar verkefni* geta þar með líka flokkast undir munnleg verkefni ef fundnir eru textar eða samtöl sem nemendur geta æft sig á (Nunan, 2005). Þær hugmyndir af kennsluáðferðum í tjáningu og samskiptum í ensku sem nefnd hafa verið eru ekki tæmandi listi heldur aðeins hugmyndir af aðferðum sem mælt er með að flestir enskukennarar notist einhverntíman við. Önnur gagnleg umræðuverkefni eru viðtöl, ágiskunar leikir sem og hlutverkaleikir en þetta þrennt fellur meðal annars undir munnleg verkefni í enskútímum ásamt lausnaraðferðum (e. Problem-solving activities) (Brown, 2007). Aðalnámskrá grunnskóla telur mikilvægt að fjölbreyttar aðferðir séu notaðar til þess að þjálfa nemendur í töluðu máli og nefnir meðal annars að kennarar geta nýtt samskiptaleiki, leikræna tjáningu sem og skapandi málnotkun í enskukennslu (Aðalnámskrá, 2013).

2.4 Sjálfstraust nemenda

Sjálfstraust er mikilvægur þáttur í tungumálanámi, nemendur þurfa að finna að þeir geti ráðið við námsefnið og séu reiðubúnir til þess að geta tekið áhættu í viðleitni sinni til þess að skilja og tala tungumálið. Þess vegna er nauðsynlegt að skapa gott andrúmsloft í kennslunni þar sem nemendur þora að taka áhættur (Brown, 2007).

Fjölmargir nemendur hafa greint frá því að þeim finnist það að læra ensku vera stressandi, sérstaklega í skólanum þar sem þeir eru umkringdir samnemendum sínum í (Horwitz, Horwitz og Cope, 1986). Nemendur frá öllum hliðum samfélagsins upplifa oft kvíða þegar komið er að þeim að flytja munnlegt verkefni á ensku fyrir framan samnemendur sína, þrátt fyrir að hafa fengið góðann tíma til þess að æfa sig (Anandari, 2015). Fræðimennirnir Steinberg og Horwitz fundu út að þeir nemendur sem upplifa kvíða og þjást af litlu sjálfstraust í enskunámi, standi sig mun verr í tjáningu og samskiptum á ensku en þeir nemendur sem virðast líða vel í kennslustundum (Horwitz, Horwitz og Cope, 1986). Því minna sjálfstraust nemenda, því meira reyna þeir að forðast það að tjá sig á ensku í kennslustundum. Kvíði og lítið sjálfstraust nemenda virðist koma mest niður á færni nemenda í tjáningu og samskiptum á ensku.

Rannsóknir sem einblína á kvíða nemenda í tungumálakennslu hafa sýnt fram á að þegar nemendur tala um stress og kvíða yfir námsefninu, eigi þeir við verkefni tengd hlustun og tjáningu (Horwitz, Horwitz og Cope, 1986). Óttinn við að tjá sig á erlenda tungumálinu er þar algengastur. Nemendur greindu frá því að kvíðinn væri ekki eins mikill þegar kæmi að því að flytja ræðu eða fara með kynningu á erlenda tungumálinu ef þeir fengu góðann tíma til þess að æfa sig. Kvíðinn væri hins vegar mestur þegar kennarar lögðu fyrir munnleg verkefni með engum fyrirvara, sem þyrfti að flytja samdægurs fyrir framan samnemendur (Horwitz, Horwitz og Cope, 1986). Horwitz, Horwitz og Cope komust að þeirri niðurstöðu að mikilvægt væri fyrir tungumálakennara að finna út hvaða það væri sem orsakaði kvíða og lítið sjálftraust nemenda í kennslustundum hjá þeim. Þá fyrst væri mögulegt fyrir kennara að koma til móts við þá nemendur og aðstoða nánar.

Þríeykið setti því fram *hinn erlenda tungumálakvíða skala* (e. Foreign Language Classroom Anxiety Scale - FLCAS) sem samanstendur af 33 spurningum sem miða að öllum þáttum sem tilheyra tungumálakennslu þ.e.a.s. tjáningu, framburði, prófum, ritun, hlustun, hræðsla við neikvæð viðbrögð o.s.frv. (Horwitz, Horwitz og Cope, 1986).

Erlendur tungumálakvíði (e. Foreign Language anxiety) er hugtak sem ekki er fjallað nógu mikið um og fellur meðal annars munnleg tjáning þar undir. Talað er um að enskukennarar taki sjaldan tillit til erlenda tungumálakvíðans sem nemendur þjást oft

af og þá sérstaklega munnlega hæfnipáttarins (Anandari, 2015). Kennarar eiga það til að einblína einungis á þá fjóra hæfnipætti sem aðalnámskrár setja fram um hvað nemendur eigi að læra þegar kemur að erlendum tungumálum, án þess að hugsa um líðan nemenda í kennslustundum. Þeir hæfnipættir sem um ræðir eru hlustun, tjáning, lestur og ritun (Anandari, 2015).

Það eru ekki til margar rannsóknir sem koma inn á kvíða og sjálfstrausti nemenda í enskukennslu á unglíngastigi í grunnskólum á Íslandi en þrátt fyrir það hafa verið framkvæmdar nokkrar slíkar erlendar rannsóknir meðal háskólanema. Háskólanema sem taka áfanga á erlendu tungumáli. Ein slík rannsókn var gerð og framkvæmd af Carreira árið 2006 og fjallar hún um hvort hægt sé að greina samband milli áhugahvatningar og kvíða í erlendri tungumálakennslu. Rannsóknin var lögð fyrir japanska háskólanema. Markmið hennar var að finna út hvort til væru einhverjar sérstakar hvatningar aðferðir sem gætu komið sér vel fyrir nemendur sem þjást af kvíða í tungumálanámi. Þátttakendur rannsóknarinnar voru 91 talsins og einungis konur sem stunduðu enskunám við einkarekinn háskóla í Japan. Lagðir voru fyrir tveir spurningalistar sem tengdust áhugahvatningu hins vegar og tungumálakvíða annars vegar. Þátttakendur svöruðu 22 spurningum sem tengdust áhugahvatningu og 18 spurningum sem snéru að kvíða (Carreira, 2006).

Niðurstöður leiddu það í ljós að þeir nemendur háskólans sem upplifðu mikinn tungumálakvíða væru þeir sem sáu ekki tilgang í því að læra ensku. Það er að segja þeim þótti ekkert áhugavert við það að læra eitthvað nýtt og spennandi og sáu ekki fram á að enska myndi gagnast þeim framtíðinni. Þeir nemendur sem sáu aftur á móti tilgang í því að læra ensku og gátu greint frá hvernig enskukunnátta myndi gagnast þeim í framtíðinni, leið vel í enskutímum (Carreira, 2006). Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar er hægt að draga þær ályktanir að til þess að koma í veg fyrir kvíða nemenda í enskunámi er nauðsynlegt fyrir kennara að hvetja þá áfram. Reyna að kveikja áhuga þeirra á tungumálinu og fá þá til að sjá fyrir sér hvernig enskukunnátta getur komið sér vel fyrir þá í framtíðinni.

2.5 Áhugahvatning

Þær aðferðir sem tungumálakennarar velja til þess að hvetja og efla áhuga nemenda sinna til að læra erlenda tungumálið er einn af lykilþáttum þess sem hefur hvað mest áhrif á námsframvindu nemenda í erlendri tungumálakennslu (Brown, 2007).

Margir fræðimenn hafa sett fram tillögur af áhugahvatningum sem kennarar geta notfært sér. Gardner og Lambert (1972) settu fram tvo flokka áhugahvatninga: *Integrative motivation* sem felur í sér meðal annars í sér jákvæð viðhorf og hegðun gagnvart erlenda tungumálinu. Seinni flokkurinn nefnist *instrumental motivation* og ýtir undir þá möguleika og gagnsemi sem erlenda tungumálið hefur upp á að bjóða (Gardner og Lambert, 1972). Sem dæmi má nefna geta ástæður nemenda verið að vilja læra erlenda tungumálið svo hægt sé að kynnast þeirri menningu sem ríkir í því landi við á hverju sinni. Önnur ástæða getur verið sú að það sé auðveldara að ferðast erlendis ef nemendur kunna tungumálið og þeir hafa möguleika á því að eiga í samræðum við ólíka einstaklinga o.s.frv. Þessar ástæður og fleiri tilheyra floknum *intergrative motivation* en þar undir flokkast allt það sem nemendur hafa áhuga á að eiga sameiginlegt með þeim einstaklingum sem hafa erlenda tungumálið sem móðurmál. Þeir einstaklingar sem telja sig hafa fleiri ástæður fyrir því að vilja læra erlenda tungumálið falla hins vegar undir flokkinn *instrumental motivation*. Til að falla undir þennan flokk verða einstaklingar að koma með ástæður og rökstuðning á borð við: ég vill læra tungumálið vegna þess að það mun hjálpa mér að fá vinnu hérlendis sem og erlendis, tungumálið er mikilvægt fyrir framtíðina mína þar sem það nám sem ég hef áhuga á að stunda er einungis kennt á þessu tungumáli o.s.frv. (Gardner, 2001). Rökstuðningurinn á ekki að fela í sér tilfinningar eða lýsa áhuga einstaklings á því að vilja tengjast íbúum landsins, heldur eiga þær að tengjast þörfum hans til þess að ná árangri.

Það er ekkert sem gefur til kynna að allir námsmenn flokkist einungis í annan hvorn flokkinn en ekki báða. Mannfólk er flókið fyrirbæri og því mismunandi hvort einstaklingar falli undir einn af ofangreindum flokkum Gardners og Lambert (1972) eða báða. Vel má vera að það séu nemendur sem tilheyra hvorugum flokknum, nemendur sem vilja meina að eina ástæðan fyrir því að þeir séu að læra tungumálið sé því að er

skylda og hluti af náminu (Gardner, 2001). Hvatning kennara gæti spilað þar stórt hlutverk til þess að aðstoða nemendur að átta sig á því hvað það er sem þeir hafa áhuga á að nýta tungumálakunnáttu sína í, í framtíðinni. Það sem hvetur okkur áfram er að fá einhverja umbun sýnilega eða ósýnilega. Innri hvatning stuðlar að þörfum, áhuga og löngunar innra með nemandanum til þess að læra erlenda tungumálið (Brown, 2007).

Garnder (2001) tók það skýrt fram að það sem tilheyrir flokkum áhugahvatninga sem hann og Lambert (1972) settu fram, væru mest megnis ástæður. Það færi alfarið eftir hverjum og einum nemenda hvort möguleiki væri á að flokka ástæður þeirra sem áhugahvatningar. Til þess að ástæður flokkist sem áhugahvatningar verða nemendur að leggja á sig mikla vinnu. Nemendur verða að geta sýnt fram á að þeir vilji ná framförum í námi ásamt því að hafa gaman af því um leið (Gardner, 2001).

Dörnyei setti fram svipaða kenningu sem stuðlar að áhugahvatningu nemenda í tungumálakennslu en Dörnyei sem þekktur er fyrir að vinna með sjálfið (e. L2 self) hannaði þriggja þrepa kerfi (e. L2 Motivational Self System) sem fjallar um tungumálanám og áhugahvatningar tengdar sjálfinu.

Fyrsta þrepið í kerfinu kallast *The ideal L2 self* og snýr það að nemandanum sjálfum og ímyndaða framtíðarsýn hans tengda erlenda tungumálinu. Nemandi er hvattur til að draga úr breytingunum sem hann telur að þurfi að eiga sér stað þegar hann ímyndar sér framtíðina sína frá raunveruleikanum (Jeeves, 2013). Sem dæmi má nefna að nemandi ferðist í huganum til Bandaríkjanna og sjá fyrir sér sjálfan sig í samræðum við íbúa þar, í framtíðinni. Fræðimenn vilja meina að þessi aðferð Dörnyei í *The ideal L2 self* geti viðhaldið áhugahvatningu nemenda á erfiðum tímabilum í námi og jafnvel að þeir nemendur sem ekki sýna sérstakar framfarir í tungumálanámi, séu samt sem áður undir áhrifum áhugahvatningarinnar (Macintyre, Mackinnon og Clément, 2009).

Annað þrepið nefnist *The ought-to self* og svipar til flokks tvö sem Gardner og Lambert (1972) settu fram en þrepið snýst að miklu leiti um þær þarfir og skyldur sem nemandi vill uppfylla og ljúka þegar hann hefur öðlast alla þá færni sem þarf, í erlenda

tungumálinu (Macintyre, Mackinnon og Clément, 2009). Í þessu þrepi er einbeiting nemanda á náminu andstæða við fyrra þrepið. Nemandi forðast að sjá framtíðina fyrir sér þar sem hann sér sig í vissum aðstæðum ásamt sjálfinu sem honum þykir hann skyldugur til þess að uppfylla (Jeeves, 2013).

Þriðja og seinasta þrep Dörnyei *The L2 learning experience* snýr ekki að nemandanum sjálfum og hvernig hann sér sig í ákveðnum ástæðum heldur byggist á því að nemandi sjái fram á að geta notað fyrri reynslu sem hann hefur öðlast í kennslustundum sem áhugahvatningu. Það sem hann hefur upplifað (t.d. námsanda, námsefni, áhrif samnemenda og kennara) hvetur hann áfram til þess að öðlast meiri reynslu tengda erlenda tungumálinu. Sú reynsla mun síðar hjálpa nemandanum að bæta sig og sýna framfarir (Macintyre, Mackinnon og Clément, 2009).

3 Rannsóknin

3.1 Markmið rannsóknar

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á líðan nemenda 10.bekkjar í einum grunnskóla á landinu, nánar tiltekið líðan nemenda þegar kemur að munnlegum verkefnum í enskukennslu. Samkvæmt því sem maður hefur heyrt frá enskukennurum í grunnskólum landsins er ekki algengt að nemendur þori að taka áhættur þegar kemur að tjáningu á tungumálinu. Ekki hafa verið gerðar margar íslenskar rannsóknir sem snúa að sjálfstrausti og líðan nemenda á unglingsstigi í enskukennslu eða í kennslustundum almennt. Mér þótti því þörf á að leggja fyrir eina slíka könnun hjá nemendum í 10.bekk í einum grunnskóla á landinu, til þess að komast að því hvort hægt væri að fá einhverjar skýringar á því af hverju nemendur forðast oft en ekki að tjá sig á ensku í enskutímum. Þar sem aðeins einn grunnskóli á landinu tók þátt í könnuninni er hvorki hægt að alhæfa né bera niðurstöður hennar saman við aðrar niðurstöður.

3.2 Aðferð

Þar sem ákveðið var við upphaf könnunarinnar að aðeins einn grunnskóli á landinu myndi taka þátt í könnuninni notaðist ég við hentugleikgsúrtak og ræddi við skólastjórnendur þess skóla sem ég starfa í. Skólastjóri veitti leyfi fyrir könnuninni en það fyrst um að sendur yrði tölvupóstur til foreldra og forráðamanna nemenda í 10. bekk til þess að fá leyfi. Allir foreldrar nemenda í 10. bekk samþykktu þátttöku og um leið voru útprentaðir spurningalistar afhentir enskukennurum skólans, sem lögðu könnunina fyrir bekkina. Það tók nemendur ekki langan tíma að fylla út spurningalistana þar sem könnunin innihélt aðeins 9 spurningar.

3.3 Val á þátttakendum

Við val á þátttakendum var notast við hentugleikaúrtak þar sem aðeins einn grunnskóli fékk að taka þátt í rannsókninni. Könnunin var lögð fyrir tvo 10. bekki og voru þátttakendur alls 46. Kynjaskiptingin var þannig að það voru 28 drengir sem tóku þátt í könnuninni á meðan stúlkurnar sem tóku þátt voru 18. Ástæðan fyrir því að nemendur í 10. bekk voru einungis valdir í úrtak er sú að þeir eru að ljúka grunnskólagöngu og meirihluti þeirra mun að öllum líkindum hefja framhaldsnám. Í all felstu framhaldsnámi eru gerðar meiri kröfur um hæfni og getu nemenda, þar sem þeir gætu þurft að beita munnlegri samskiptafærni sinni í enskutímum til muna.


Vert er að taka fram að vegna þess hve hópur þátttakenda var lítill þ.e. aðeins 46 er aðeins hægt að líta á niðurstöður hennar sem ákveðna innsýn hvað varðar skoðanir og líðan þeirra nemenda sem tóku þátt í könnuninni. Ekki er hægt að alhæfa út frá niðurstöðum eða bera saman við aðra skóla.

3.4 Öflun og greining gagna

Spurningakönnunin innihélt níu krossspurningar en við einstaka spurningar var í boði að skrifa nánari svör ef þátttakendur vildu koma einhverju öðru á framfæri. Fyrstu spurningarnar snéru að almennri enskukennslu skólans en þegar líða tók á listann þrengdist markmið þeirra og snérist að lokum eingöngu um munnlega þátt

enskukennslunnar og líðan nemenda. Þátttakendur áttu meðal annars að tilgreina hvort þeir þætti gaman að taka þátt í munnlegum verkefnum í enskutímum og svara í kjölfarið afhverju/afhverju ekki. (hægt er að sjá könnunina í heild seinni undir kafla 7. Viðaukar). Greining gagna gekk vel fyrir sig og þar sem fjöldi þátttakenda var ekki mikill notaðist ég við excel og setti niðurstöðurnar í form súlurita. Þar sem könnunin var sett upp með einungis krossasurningum var auðveldara fyrir mig að setja niðurstöðurnar beint í excel. Þar sem hætta getur verið á rangri talningu þegar höfundur ákveður sjálfur að fara í gegnum spurningalistana og setja svör þátttakenda beint inn í forrit í tölvu, passaði ég mig á því að fara a.m.k. tvisvar sinnum yfir spurningalistana til þess að gæta öryggis um réttar niðurstöður í öflun gagna.

4 Niðurstöður og umræður




Mynd 1. (tölurnar vinstra megin sýna fjölda stráka og stelpa sem svöruðu hverjum lið fyrir sig og prósenturnar hægra megin gefa í skyn hve stórt hlutfall þátttakanda svaraði hverjum lið fyrir sig).

Fyrsta spurning könnunarinnar *finnst þér óþægilegt að tala fyrir framan bekkinn þinn í íslenskutímum?* átti að leggja áherslu á hvort það einhver munur væri á líðan nemenda varðandi munnleg verkefni í íslenskutímum og í enskutímum. Niðurstöðurnar gefa í skyn að meirihluti stráka upplifa ekki mikil óþægindi þegar kemur að því að tala


upphátt fyrir framan bekkinn sinn á móðurmálinu, stelpum aftur á móti virðist finnast það örlítið óþægilegra.

Það eru þó vissulega alltaf ákveðnir nemendur sem eiga erfitt með að tjá sig munnlega hvort sem það sé í íslenskutímum eða tungumálatímum, hvort sem það eru íslenskir nemendur sem upplifa óþægindi eða erlendir nemendur sem líta á íslenskuna sem erlent tungumál. Ekki er hægt að greina ástæðurnar fyrir því út frá þessari könnun, þar sem ekki var spurt út í þjóðerni þátttakanda.



Mynd 2.


Hvernig finnst þér enskukennslan í þínum skóla? átti að varpa ljósi á það hvort nemendur væru sáttir eða ósáttir með enskukennsluna í skólanum. Samkvæmt svörum nemenda virðast þeir á heildina litið sáttir með enskukennsluna í skólanum.



Mynd 3.


Nánar var spurt um hvort *mikið væri um munnleg verkefni í enskutímum?* sem átti í kjölfarið að sýna skoðun nemenda á námsefninu og hvort þeir væru þeirrar skoðunnar að það vantaði fleiri munnleg verkefni í enskutímum. Eins og sjá má á súluritinu voru kynin ekki sammála en meirihluti stráka þótti passlega mikið af munnlegum verkefnum í enskutímum á meðan stelpurnar nefndu að það mætti vera meira um munnleg verkefni. Eftir að hyggja hefði verið sniðugt að biðja þátttakendur að nefna hversu mörgum munnlegum verkefnum þeir tækju þátt í á hverri önn. Þar sem orðin „passlega mikið“ þýða eflaust ekki það sama hjá öllum sem merktu við þann valmöguleika. Svarmöguleikinn gefur þar af leiðandi ekki mikið til kynna hvað „passlega mikið“ sé í raun mikið.

Við þessa spurningu var í boði fyrir þátttakendur að koma með dæmi um munnleg verkefni í enskutímum. Flestir nefndu dæmi en af öllum skriflegu svörum sem bárust voru það aðeins þrjú dæmi í heildina. Þau dæmi sem komu fram voru: *að þurfa að halda enskukynningar sem fela í sér að nemendur standa fyrir framan bekkinn og kynna eitthvað tiltekið verkefni. Þegar kennarinn spyr mann spurninga á ensku og að lesa upp úr kennslubók.* Áhugavert er að sjá að aðeins eitt af þessum dæmum (að halda kynningu) fellur undir áhrifamikil munnleg verkefni sem nefnd voru var í kafla 2.3 Kennsluaðferðir í tjáningu og samskiptum á ensku. Sem fær mann til að velta fyrir sér hvort kennarar þurfi að endurskoða þau munnleg verkefni sem þau leggja fyrir eða hvort þátttakendur hafi ekki verið nógu nákvæmir þegar þeir skrifuðu dæmin niður.



Mynd 4.

Megin spurning könnunarinnar *hefur þú gaman af munnlegum verkefnum í enskutímum?* þar sem meirihluti stelpa svöruðu játandi á móti meirihluta stráka sem svöruðu neitandi. Þeir þátttakendur sem svöruðu játandi áttu í kjölfarið að svara spurningunni *afhverju hefur þú gaman af munnlegum verkefnum í enskutímum?*




Mynd 5.

Þessi spurning hefur fjóra svarmöguleikar sem áttu að ná yfir helstu ástæðurnar fyrir því afhverju nemendur gætu haft gaman af munnlegum verkefnum í enskutímum. Þátttakendur höfðu þann valmöguleika að skrifa eitthvað annað á línur fyrir neðan spurninguna en enginn nýtti sér það. Samkvæmt niðurstöðum hafa jafn margir strákar

og stelpur eða meirihluti svaranda gaman af munnlegum verkefnum í ensku vegna þess að þau eru góð í að tala ensku.

Athyglisvert er að sjá hversu stór hluti þátttakanda telja sig vera góða í að tjá sig á ensku.


Þeir þátttakendur sem gáfu neikvætt svar við spurningunni *hefur þú gaman af munnlegum verkefnum í enskutímum?* áttu þar af leiðandi að svara spurningunni *afhverju hefur þú ekki gaman af munnlegum verkefnum í enskutímum?*



Mynd 6.


Við þessa spurningu var tveimur valmöguleikum bætt við sökum þess að ástæðurnar fyrir því að nemendur hafi ekki gaman af munnlegum verkefnum í enskutímum geta verið ótal margar og misjafnar eftir einstaklingum. Þeir sem vildu koma öðru á framfæri höfðu kost á að skrifa á línur fyrir neðan spurninguna. Enginn nýtti sér þann valmöguleika. Eins og sjá má á súluritinu dreifast svör nemenda á alla svarmöguleikana nema einn: *ég er feimin/nn*. Það kom mér vissulega á óvart þar sem feimnir nemendur eru þeir sem sjaldan vilja taka þátt og því bjóst ég við svörum þar. Hins vegar ef litið er yfir heildina þá gætu allir svarmöguleikarnir flokkast undir feimni og þá sérstaklega valmöguleikinn *ég treysti mér ekki til þess*.

Meirihluti stráka og stelpna merktu við að þau væru ekki nógu góð í að tala ensku en hin svörin dreifðust á hina svarmöguleikana. Þrátt fyrir að felstir hafi merkt við fyrsta valmöguleikan er athyglisvert er að sjá hversu margir nemendur gera sér grein fyrir að þeir séu ekki lélegir í að tala á ensku heldur er það eitthvað annað sem hindrar þá í að tjá sig á tungumálinu. Það má því segja að óöryggið við að tjá sig á öðru tungumáli er fyrir framan samnemendur sé mikið meðal nemenda í 10. bekk í þeim tiltekna grunnskóla sem tók þátt í könnuninni.




Mynd 7.

Ekki var nóg að komast að því hvort nemendum þætti óþægilegt að tjá sig á ensku í enskutímum heldur var einnig áhugavert að komast að því hvort nemendur væru eins öruggir eða óöruggir með að tala ensku fyrir utan skóla. Á súlurituna hér fyrir ofan má sjá svör þeirra nemenda sem hafa gaman af munnlegum verkefnum í enskutímum. Meirihluti bæði stráka og stelpna svöruðu að þeim þætti ekki óþægilegt að tjá sig á ensku fyrir utan skólann. Enginn merkti við svarmöguleikann *oft*.



Mynd 8.

Hér sjáum við svör þeirra nemenda sem hafa ekki gaman af munnlegum verkefnum í enskútímum. Það vekur athygli að sjá að meirihluti þeirra nemenda virðist ekki finnast óþægilegt að tjá sig á ensku fyrir utan vegg skólans. Aftur sjáum við meirihluta stráka og stelpna merkja við sama svarmöguleikann sem er *aldrei* og hin svörin virðast dreifast nokkuð jafnt á hina valmöguleikana. Enginn merkti við *mjög oft*.



Mynd 9.

Seinasta spurning könnunarinnar *talar þú einhverntímann ensku í skólanum þegar þú ert ekki í enskútíma?* átti að gefa í skyn hvort og hvernig nemendur notist við ensku dags daglega í skólanum þar sem að í nútíma samfélagi má finna allar tegundir

nemenda í skólum og ekki víst að allir hafi íslensku sem móðurmál og eigi þar að auki eflaust auðveldara með að tjá sig á ensku. Það voru þó aðeins meirihluti stelpna sem nefndu að þær notuðu ensku til að ræða við erlenda bekkjarfélaga. Meirihluti stráka sögðust stundum nota ensk orð þegar þeir tala við vini sína.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar sem á einungis að varpa innsýn á líðan nemenda í 10. bekk í enskukennslu má sjá að meirihluti nemenda virðist ekki líða vel í enskutímum þegar unnið er með munnleg verkefni. Nemendur virðast upplifa svokallaðan tungumálakvíða sem fjallað var um í kafla 2.4. Aftur á móti virðast nemendur ekki finna eins mikið fyrir þessum neikvæðu tilfinningum þegar þeir þurfa að tjá sig á ensku fyrir utan vegg skólans og/eða í munnlegum verkefnum í íslenskukennslu.

5 Lokaorð og umræður

Góð og markviss kennsla í tjáningu og samskiptum í ensku er mikilvæg undirstaða fyrir nemendur nú til dags þar sem lang flest háskólanám er á ensku og margir sem huga að námi erlendis. Samt sem áður eru enskukennarar að lenda í vandræðum þegar kemur að því að leggja fyrir munnleg verkefni þar sem nemendur upp til hópa treysta sér ekki til þess að tjá sig á ensku fyrir framan samnemendur sína. Rannsóknarspurningin *Hvað er það sem veldur tungumálakvíða nemenda í enskukennslu?* sem sett var fram í upphafi ritgerðarinnar kallar á enn fleiri spurningar og vangaveltur en margri fræðimenn hafa bent á ýmsar leiðir fyrir kennara til þess að takast á við tungumálakvíða nemenda á borð við að efla áhugahvatningu nemenda, æfa nemendur í tjáningu við upphaf enskunáms o.fl. Áhugavert var að sjá hvernig niðurstöður rannsóknar Carreira sem hann lagði fyrir japanska háskólanema árið 2006, pössuðu við þau hugtök og skilgreiningar sem Gardner og Lambert settu fram fyrir mörgum árum. Að hugsanlega sé samband milli kvíða og markmiða nemenda í enskunámi, þ.e. að þeir nemendur sem hafa engin sérstök framtíðar markmið og sjá þar af leiðandi ekki fram á að enskan muni gera þeim neitt gagn. Þeir einstaklingar eru mun líklegri til þess að

þjást af erlendum tungumálakvíða og hafa lítið sjálfstrausti. Aftur á móti þeir nemendur sem hafa ákveðið markmið og geta ímyndað sér hvernig enskan mun gagnast þeim í framtíðinni, þeir upplifa sjaldnar kvíða í enskunámi og hafa gott sjálfstraust (Carreira, 2006). Þrátt fyrir þessar niðurstöður og umræður fræðimannanna Gardners og Lambert um það hvernig aukin áhugahvatning getur dregið úr tungumálakvíða nemenda, þarf það ekki endilega að eiga alltaf við. Það eru eflaust til dæmi um nemendur sem þjást af kvíða en hafa samt sem áður áhuga á enskunámi.

Eins og sjá má á niðurstöðum könnunarinnar sem lögð var fyrir nemendur í 10. bekk í einum grunnskóla á landinu eru þeir nemendur sem hafa gaman af munnlegum verkefnum í enskutímum, með gott sjálfstraust og hafa vilja til að tjá sig á ensku í skólanum. Það er hægt að sjá út frá meirihluti nemenda sem nefndu annað hvort að þeir væru góðir í að tala ensku eða að þeim þætti gott að fá þjálfun í framburði. Þeir nemendur sem höfðu aftur á móti ekki gaman af munnlegum verkefnum virðast ekki vera með gott sjálfstraust og þjást líklega af tungumálakvíða. Meirihluti þeirra nemenda höfðu ekki trú á sér þegar kemur að því að tala á ensku og nefndu að sér þætti óþægilegt að tala fyrir framan bekkinn á öðru tungumáli en það er eitt af einkennum erlenda tungumálakvíðans. Annað sem vakti athygli út frá niðurstöðunum var munur kynjanna sem sjá má á svarmöguleikunum en út frá þeim má sjá hvað stelpur virðast hafa meira gaman af munnlegum verkefnum í enskutímum heldur en strákar.

Það er margt sem hefði mátt betur fara við gerð þessar rannsóknar. Til að byrja með hefði mátt yfirfara svarmöguleikana betur en við spurninguna *er mikið um munnleg verkefni í enskutímum?* má sjá tvo svarmöguleika sem eru orðaðir öðruvísi en hafa samt sem áður sömu merkingu. Einnig hefði verið hægt að útbúa nokkra spurningalista á ensku þar sem nokkrir nemendur sem höfðu þátttökurétt, gátu ekki tekið þátt sökum lélegrar íslenskukunnáttu. Hægt hefði verið að spyrja nánar um kennsluaðferðir og hver markmið nemenda væru með að læra ensku. Rannsóknin gefur engin almennileg svör sem hægt er að notast við þar sem aðeins einn grunnskóli tók þátt í rannsókninni, svo til hliðsjónar af því sem hefði mátt betur fara væri áhugavert að sjá svipaða rannsókn framkvæmda af alvöru.

6 Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013/2013.

Anandari, C. L. (2015). Indonesian EFL students' anxiety in speech production: Possible causes and remedy. *TEFLIN Journal*, 26 (bls. 1-14). Sótt 25. október 2017 af <http://journal.teflin.org/index.php/journal/article/view/256/240>

Jeeves, A. (2013). *Relevance and the L2 Self in the Context of Icelandic Secondary School Learners: Learner Views*. Birt doktorsritgerð: Háskóli Íslands, Hugvísindastofnun. Sótt 18. nóvember 2017 af https://skemman.is/bitstream/1946/16755/1/Anna%20Jeeves_PhD-final.pdf

Brown, H. D. (2007). *Teaching by Principles: An Interactive Approach to Language Pedagogy* (3. útgáfa). (bls. 54-357) New York: Pearson Education.

Cameron, L. (2001) *Teaching Languages to young learners*. Cambridge: Cambridge University Press.

Carreira, J. M. (2006). Relationships between Motivation for learning English and foreign language anxiety: A pilot study. *JALT Hokkaido Journal*, 10 (bls. 16-28). Sótt 30. september 2017 af <https://jalthokkaido.net/pluginfile.php/51/course/section/41/Matsuzaki.pdf>

Nunan, D. (2005). *Practical English Language Teaching: Young Learners*. New York: McGraw-Hill Companies.

Edge, J. (1989). *Mistakes and Correction*. London, New York: Longman.

Gardner, R. C. (2001). *Integrative Motivation: Past, Present and Future*. Temple University Japan, distinguished lecturer series, Tokyo, 17. febrúar 2001. Sótt 30. september 2017 af <http://publish.uwo.ca/~gardner/docs/GardnerPublicLecture1.pdf>

Gardner, R. C. og Lambert, W. E. (1972). *Attitudes and motivation in second language learning*. Rowley, Massachusetts: Newbury House Publishers.

Helga H. Sigurjónsdóttir. (2006). *Kennsluhættir í enskukennslu í 10.bekk*. Óbirt B.Ed-ritgerð: Háskóli Íslands, Kennaradeild.

Horwitz, E. K., Horwitz, M. B. og Cope, J. (1986). Foreign language classroom anxiety. *Modern Language Journal*, 70 (bls. 125-132).

Lefever, S. (2009). Are National Curriculum objectives for teaching English being met in Icelandic compulsory schools? *Tímarit um menntarannsóknir*, 6, 105-126.

Macintyre, P. D., Mackinnon, S. P. og Clément, R. (2009). The baby, the bathwater, and the future of language learning motivation research. Í Z. Dörnyei og E. Ushioda (ritstjórar), *Motivation, language identity and the L2 self* (bls. 43-65). UK: Channel view publications Ltd.

7 Viðaukar

7.1 Bréf til skóla

Reykjavík, 3. október 2017

Til skólastjóra

Því miður er það mjög algengt í skólum landsins að nemendur á unglingastigi vilji ekki taka þátt í munnlegum verkefnum í enskútímum.

Fyrirhugað er að gera rannsókn á sjálfstrausti nemenda í **enskukennslu** í 10. bekk til þess að kanna hvernig nemendum líður þegar þeir þurfa að taka þátt í munnlegum verkefnum í enskútímum. Gögnum verður safnað með spurningalista til nemenda sem stunda nám í 10. bekk. Rannsóknin er hluti af lokaverkefni mínu, Kareni Ósk Guðlaugsdóttur, til B.ed. gráðu í grunnskólakennarafræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn í rannsókninni er Samúel Lefever, dósent í kennslufræðum erlendra tungumála við Háskóla Íslands.

Í þessari könnun er einungis gert ráð fyrir að safna gögnum frá þínum skóla. Ekki verður spurt um nafn eða aðrar persónuupplýsingar nemenda og ekki verður hægt að rekja upplýsingarnar til einstaklinga og heldur ekki skóla sé þess óskað.

Með þessu bréfi bið ég um leyfi fyrir að leggja könnunina fyrir nemendur 10. bekkjar í enskukennslu í þínum skóla.

Undirskrift skólastjóra

Með von um jákvæðar viðtökur og fyrirfram þökk

Karen Ósk Guðlaugsdóttir

Háskóli Íslands

kog24@hi.is

Samúel Lefever

Háskóli Íslands

samuel@hi.is

7.1 Spurningalisti

1. Hvert er kyn þitt?

Karl Kona

2. Finnst þér óþægilegt að tala fyrir framan þekkingu þína í íslenskutímum?

Mjög oft Oft Sjaldan Ekki alltaf Aldrei

3. Hvernig finnst þér enskukennslan í þínum skóla?

Mjög góð Góð Sæmileg Ekki góð Slæm

4. Er mikið um munnleg verkefni í enskutímum?

- Já mikið af munnlegum verkefnum
- Mætti vera meira af munnlegum verkefnum
- Passlega mikið af munnlegum verkefnum
- Ekki nógu mörg munnlega verkefni
- Engin munnleg verkefni

Gefðu dæmi um munnleg verkefni í enskutímum

5. Hefur þú gaman af munnlegum verkefnum í enskutímum? Ef já, svaraðu spurningu 6. Ef svarið er nei, svaraðu spurningu 7.

Já Nei

6. Afhverju hefur þú gaman af munnlegum verkefnum í enskutímum?

- Ég er góð/góður í að tala ensku
- Mér finnst gaman að tala fyrir framan bekkinn
- Mér finnst gott að fá þjálfun í framburði
- Ég hef gaman af öllu sem við gerum í ensku

Annað?

7. Afhverju hefur þú ekki gaman af munnlegum verkefnum i enskutímum?

- Ég er ekki góð/góður í tala ensku
- Mér finnst óþægilegt að tala fyrir framan bekkinn
- Mér finnst sérstaklega óþægilegt að tala á öðru tungumáli fyrir framan bekkinn
- Ég er feimin/nn
- Ég treysti mér ekki til þess
- Ég er hrædd/hræddur um að bekkjarfélagar mínir hlæji af mér

Annað?

8. Finnst óþægilegt að tala ensku fyrir utan skólann?

- Aldrei
- Ekki alltaf
- Stundum
- Oft
- Mjög oft

9. Talar þú einhverntíman ensku í skólanum þegar þú ert ekki í enskutíma?

- Já, ég á erlenda bekkjarfélaga sem ég þarf að tala við á ensku.
- Já, ég og vinir mínir notum stundum ensk orð þegar við tölum saman.
- Nei.

Annað?
